

Tillaga um greiðslu þóknunar til stjórnar.

Viðmið launa:

Laun skulu nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarfjárhæð sem var 960.607 kr. í janúar 2017. Viðmiðunarfjárhæð tekur mið af launavísitölu og breytist 1. júlí og 1. janúar ár hvert. *Viðmiðunarfjárhæð var 1.191.192 kr. 1. júlí 2020.*

(Sama viðmiðunarfjárhæð og hjá Akureyrarbæ).

Laun stjórnar:

Laun stjórnarmanna SSNE skulu vera 4,0% af viðmiðunarfjárhæð fyrir setinn stjórnarfund. Laun formanns stjórnar SSNE skulu einnig vera 4,0% af viðmiðunarfjárhæð fyrir setinn stjórnarfund auk mánaðarlauna sem nema 10,5% af viðmiðunarfjárhæð. *1. júlí 2020 fengu stjórnarmenn 47.648 kr. fyrir setinn stjórnarfund og mánaðarlaun formanns voru auk þess 125.075 kr.*

Aksturspeningar:

Um aksturspeninga fer skv. auglýsingu ríkisskattstjóra hverju sinni um aksturspeninga.

Dagpeningar:

Annar ferðakostnaður (gisting og fæði) er greiddur skv. reikningi. Komi til þess að greiddir verði dagpeningar verða þeir greiddir skv. auglýsingu ríkisskattstjóra hverju sinni um dagpeninga.

Tillaga um greiðslu þóknunar til nefndarmanna í starfshópum, fagráðum og úthlutunarnefnd.

Laun nefndarmanna í starfshópum, fagráðum eða úthlutunarnefnd:

Laun nefndarmanna, í starfshópum, fagráðum eða úthlutunarnefnd, fyrir fundarsetu skulu nema tveimur þriðju af launum stjórnarmanna SSNE á hverjum tíma. Laun formanns í starfshópum, fagráðum eða úthlutunarnefnd skulu vera sömu og laun stjórnarmanna SSNE á hverjum tíma. Auk þess fá nefndarmenn og formaður úthlutunarnefndar 750 kr. fyrir yfirferð hvernar verkefnaumsóknar og 1.000 kr. fyrir yfirferð hvernar umsóknar um stofn- og rekstrarstyrk. *1. júlí 2020 voru laun nefndarmanna fyrir setinn fund 31.765 kr. og laun formanns 47.648 kr.*

Aksturspeningar:

Um aksturspeninga fer skv. auglýsingu ríkisskattstjóra hverju sinni um aksturspeninga.

Dagpeningar:

Annar ferðakostnaður (gisting og fæði) er greiddur skv. reikningi. Komi til þess að greiddir verði dagpeningar verða þeir greiddir skv. auglýsingu ríkisskattstjóra hverju sinni um dagpeninga.